

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími: 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is



Reykjavík 30. október 2023

Mótsboð – Deildakeppni BSÍ 2023 - 2024

Deildakeppni Badminton sambands Íslands (BSÍ) í badminton er liðakeppni félaga innan vébanda ÍSí.

Leikið skal samkvæmt meðfylgjandi reglum um Deildakeppni BSÍ.

Þátttökutilkynningar ásamt upplýsingum um nafn hvers liðs, nafnalista og fyrirliða skal skila á Excel formi og berast Badminton sambandi Íslands eigi síðar en **föstudaginn 3 . nóvember** á netfangið deildakeppni@badminton.is.

Helstu reglur:

- Hverju félagi er heimilt að senda eitt eða fleiri lið til þátttöku. Einnig geta félög sameinast um lið.
- Í keppninni eru þrjár deildir: Úrvalsdeild, 1.deild og 2.deild.
- Úrvalsdeild
 - Allir leikmenn hafa þátttökurétt í Úrvalsdeild.
 - Leikmenn sem eru í Úrvalsdeild í tveimur greinum eða fleiri, á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsboði, verða að spila í Úrvalsdeild.
- 1. deild
 - Leikmenn sem eru í 1. deild í tveimur greinum eða fleiri, á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsboði, verða að spila í 1. deild en geta þó valið að spila í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
 - Leikmenn hafa ekki þátttökurétt í 1. deild ef þeir hafa orðið Íslandsmeistari í einhverri grein í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var eða Úrvalsdeild á einhverjum tímamarki nema þeir verð 40 ára á árinu eða eldri.
- 2. deild
 - Leikmaður hefur ekki þátttökurétt í 2. deild ef:
 - Leikmaður hefur verið færður upp í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var og hét á einhverjum tímamarki.
 - Leikmaður hefur unnið sig upp í Úrvalsdeild samkvæmt styrkleikalista á einhverjum tímamarki.
 - Leikmaður hefur orðið Íslandsmeistari í A flokki / 1. deild nema hann sé 40 ára á árinu eða eldri og ekki í tveimur greinum eða fleiri í 1. deild, á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsboði.
 - Leikmenn 55 ára á árinu og eldri geta ávallt spilað í 2. deild nema þeir séu á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsboði, í tveimur greinum eða fleiri í Úrvalsdeild.

- Við skráningu í lið **skal miðast við styrkleikalistann 26. september** og þrátt fyrir að keppendur færast til á styrkleikalistanum þá fylgja þeir sínu liði út tímabilið.
- Leikir verða fimm í Úrvalsdeild (MS, WS, MD, WD, XD).
 - Fjöldi leikmanna í hverju liði í Úrvalsdeild þarf að vera að lágmarki fjórir (2 konur og 2 karlar).
- Leikir verða sjö í 1. deild og 2. deild (2MS, 1WS, 2MD, 1WD, 1XD). Raða þarf í styrkleikaröð í einliðaleik karla.
 - Fjöldi leikmanna í hverju liði í 1. deild og 2. deild þarf að vera að lágmarki sex (2 konur og 4 karlar).
- Allir félagsmenn hvers félags geta verið á varamannalista. Sé leikmaður kallaður inn í lið, er skráður í það lið, er í því liði út tímabilið og ekki lengur á varamannalista. Að hámarki má kalla inn tvo leikmenn í hverri umferð.
- Leyfilegt er að fá einn leikmann að láni, úr liði félags í neðri deild upp í lið sama félags í efri deild, á hverjum leikdegi. Leikmaðurinn getur þá aðeins spilað með því liði en ekki upphaflegu liði sínu, þann dag. Tilkynna þarf um lánsmann (úr hvaða liði og í hvaða lið) þegar liðsuppstillingarblaði er skilað inn til BSÍ. Á næsta leikdegi er lánsmaðurinn aftur í sínu upprunalega lið.
- Hver leikmaður má leika tvo leiki í keppni tveggja liða og þá ekki í sömu grein.
- Sérhver leikmaður getur aðeins verið skráður í eitt lið og er í því liði út tímabilið.
- Sigur í hverri keppni tveggja liða gefur 2 stig.
- Heiti liðs skal auðkenna með heiti félags/félaga þeirra leikmanna sem eru í liðinu. Ásamt því er heimilt að auðkenna lið með íslensku nafni, tölustaf eða bókstaf.
- Verði lið jöfn að stigum í lok keppninnar ráðast úrslit af fjölda sigurleikja, þá mismun af unnum lotum og töpuðum, en loks af mismun unninna stiga og tapaðra. Ef enn er jafnt skal varpað hlutkesti um úrslitin.
- Hvert lið skal spila í liðsbúning.
- Stefnt er að því að vera með ákveðna deildakeppnisdaga, þar sem umferð er leikin í öllum riðlum og deildum. Þegar skráning liggur fyrir mun BSÍ vera í samráði við félögin um hverjir geti tekið að sér að halda deildakeppnisdag.

Sé misræmi milli mótsboðunar þessarar og reglna um Deildakeppni, þá skulu reglur um Deildakeppni ganga framár.

Almenn atriði:

- BSÍ biður félögin að skrá leikmenn samviskusamlega í rétt lið m.v. skráningareglur.
- Í Úrvalsdeild skulu félögin útvega dómara.
- Spila skal með RSL Classic kúlum. BSÍ getur haft milligöngu um kaup á kúlum.
- BSÍ biður félögin að huga vel að umgjörð leikjanna.

Þátttökugjald er 50.000 kr. á hvert lið.

Yfirdómari Deildakeppni BSÍ er Laufey Sigurðardóttir.

Með von um góða þátttöku.

Laufey Sigurðardóttir

Mótastjóri Badminton sambands Íslands

deildakeppni@badminton.is